

Ár 2013, þriðjudaginn 1. október, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið mál nr. 8/2012:

**Sigurjónsson & Thor ehf.  
f.h. Russian Standard  
Intellectual Property Holding  
AG, Sviss  
gegn  
Einkaleyfastofunni  
vegna ákvörðunar hennar  
frá 5. september 2012  
um að hafna skráningu á  
vörumerkinu  
RUSSIAN STANDARD  
(orðmerki), sbr. umsókn nr.  
492/2010.**

Kveðinn var upp svofelldur

*úrskurður:*

Með bréfi, dags. 16. október 2012, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS) frá 5. september 2012, um að hafna skráningu á vörumerkinu RUSSIAN STANDARD (orðmerki), sbr. umsókn nr. 492/2010. Þar var þess krafist að hinni áfrýjuðu ákvörðun yrði hrundið.

*Málavextir:*

I.

Með umsókn nr. 492/2010, dags. 23. febrúar 2010, sótti umboðsmaður áfrýjanda um skráningu á vörumerkinu RUSSIAN STANDARD (orðmerki) fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 25, 30, 32, 33, 35, 36 og 42.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Merkið óskaðist skráð fyrir fatnað, skófatnað, höfuðfatnað í flokki 25; kaffi, te, kakó, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjól og aðrar kornvörur, brauð, sælgæti, rjómaís, hunang, síróp, ger, annað lyftiduft, salt, sinnep, edik, krydd, sætindi, ís til matar í flokki 30; bjór, kolsýrt vatn og aðra óáfenga drykki, ávaxtadrykki og ávaxtasafa í flokki 32; áfenga drykki í flokki 33; auglýsingastarfsemi; rekstur/stjórnun fyrirtækja, stjórnunarstarfsemi á sviði viðskipta, skrifstofustarfsemi í flokki 35; tryggingastarfsemi, fjármálaþjónusta,

Með bréfi ELS til umboðsmannsins, dags. 12. apríl 2010, var skráningu merkisins synjað að svo stöddu á grundvelli 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997 (vml.) þar sem kveðið er á um það skilyrði fyrir skráningu vörumerkis að það sé til þess fallið að greina vöru/þjónustu eiganda þess frá vöru/þjónustu annarra. ELS vísaði til þess að merki sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gæfu til kynna m.a. tegund vöru/þjónustu, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær vara var framleidd, væru ekki talin hafa til að bera nægjanlegt sérkenni. Hið sama ætti við um orð og orðasambönd sem teldust algeng í viðskiptum eða væru notuð í daglegu máli. Enn fremur var bent á að við mat á því hvort merki hefði nægjanlegt sérkenni bæri að líta til allra aðstæðna og þó einkum til þess hversu lengi og að hve miklu leyti merki hefði verið í notkun. Þá sagði orðrétt:

Orðið RUSSIAN þýðir *rússneskur* og orðið STANDARD sem nafnorð þýðir m.a. *staðall*, *stöðluð viðmiðunar-* eða *mælieining* og sem lýsingarorð þýðir orðið m.a. *staðlaður*, *nákvæmlega skilgreindur*, *venjulegur*, *miðlungs eða meðalstór* samkvæmt Ensk-íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi, gefin út af Máli og Menningu 1999. Orðasambandið RUSSIAN STANDARD má m.a. þýða sem *rússneskur staðall*. Að mati Einkaleyfastofunnar er orðasambandið almennt og sérkennalaust og því ekki til þess fallið að veita vörunni/þjónustunni sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir þær vörur og þjónustu sem merkið óskast skráð fyrir. Þá er merkið lýsandi fyrir eiginleika tilgreindra vara og þjónustu. Það er og talið andstætt tilgangi vörumerkjaganna að með skráningu vörumerkis geti einstakir aðilar helgað sér skammstafanir eða orðatiltæki sem eru mjög almenns eðlis.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 30. ágúst 2011, kom fram að hann teldi ELS ekki hafa heimild til að hafna skráningu á merkinu og sagðist hann telja merkið vera vel til þess fallið að greina þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna frá vöru/þjónustu annarra framleiðenda. Hann vísaði til athugasemda við 1. mgr. 13. gr. þess frumvarps er varð að vörumerkjalögum þar sem reifuð voru tvö sjónarmið að baki kröfunni um aðgreiningarhæfi og sérkenni; annars vegar að einfaldar myndir, mynd af vöru eða lýsing á henni með almennum orðum væri ekki til þess fallin að gefa henni sérkenni í huga almennings. Hins vegar að ekki væri talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru þar sem slíkt takmarkaði svigrúm annarra til að gera grein fyrir sinni vöru. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að orðasambandið RUSSIAN STANDARD hefði ekki þekkt merkingu en hann teldi að um væri að ræða sérkennilegt orðasamband í skilningi vörumerkjaganna. Þá vísaði hann til EB-tilskipunar 89/104 EBE (2008/95/EC) um samræmingu löggjafar um vörumerki þar sem mælt væri fyrir um í grein 3 (1)(b) að óheimilt væri að skrá merki ef þau skorti

sérkenni (e. devoid of any distinctive character). Skv. grein 3 (1)(c) sömu tilskipunar væru lýsandi merki óskráningarhæf. Hann benti á að hvoru tveggja rúmaðist innan 13. gr. vml. en mikilvægt væri fyrir áfrýjanda að vita hver væri grundvöllur höfnunar á skráningu svo hann gæti brugðist við henni. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að áfrýjandi hefði nú þegar skráð vörumerkið RUSSIAN STANDARD IMPERIA sem auðkenndi vörur/þjónustu í flokkum 33 og 43, sbr. alþjóðleg skráning nr. 805460. Þá vísaði hann til tveggja annarra skráninga úr íslenskri framkvæmd sem hann taldi fordæmi fyrir skráningu merkis áfrýjanda. Þá benti umboðsmaðurinn á að áfrýjandi ætti rétt á að ákvörðun í málinu væri rökstudd, sbr. 19. gr. vml. og vísaði í skrif fræðimanna í þessu sambandi. Ennfremur fullyrti hann að orðið „eingöngu” í 1. mgr. 13. gr. vml. leiddi til þess að þau orðmerki, sem fælu í sér fleiri en eitt orð og þar sem eitt eða fleiri af þeim uppfylltu kröfur um sérkenni, uppfylltu kröfu um sérkenni. Jafnframt sagðist hann telja að orðið STANDARD eitt sér væri skráningarhæft fyrir þá vöru/þjónustu sem merkinu væri ætlað að auðkenna og að orðasambandið RUSSIAN STANDARD væri það því að hans mati einnig. Þá hélt hann því fram að ELS hefði ekki rökstutt hvornig orðin í merkinu eða orðasambandið í heild tengdist þeirri vöru/þjónustu sem merkinu væri ætlað að auðkenna. Umboðsmaður vísaði til norskra fordæma og krafðist þess að lokum að merkið yrði auglýst til andmæla en til vara að hann fengi tækifæri til að taka afstöðu til rökstuðnings ELS.

Í bréfi ELS til áfrýjanda, dags. 31. október 2011, kom fram að samkvæmt veforðabókinni [www.snara.is](http://www.snara.is) mætti þýða orðsambandið RUSSIAN STANDARD sem „hefðbundið rússneskt”. ELS ítrekaði að stofnunin teldi orðasambandið almennt og sérkennalaust, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. en einnig að það gæti verið lýsandi fyrir eiginleika, almennt séð, þ.e. ekki sérstaklega fyrir þá vöru/þjónustu sem merkinu væri ætlað að auðkenna heldur almennt að varan/þjónustan væri af rússneskum „standard” eða væri hefðbundin rússnesk. ELS taldi orðasambandið vera lýsandi fyrir hvaða vörur og þjónustu sem væri þar sem það gæfi til kynna að um hefðbundna rússneska vöru/þjónustu væri að ræða. Að lokum benti ELS á að þau fordæmi, sem umboðsmaður áfrýjanda vísaði til í rökstuðningi sínum, gætu að mati stofnunarinnar ekki stutt skráningu hins umdeilda merkis og með vísan til alls framangreinds ítrekaði ELS að stofnunin féllist ekki á skráningu vörumerkis áfrýjanda RUSSIAN STANDARD, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 27. júlí 2013, var bent á að skráningarskrifstofa ESB (OHIM) hefði talið að vörumerkið uppfyllti kröfur greinar 3 (1)(b) og 3 (1)(c) tilskipunar um samræmingu löggjafar um vörumerki og einnig að áfrýjandi ætti skráð vörumerkin

RUSSIAN STANDARD og RUSSIAN STANDARD GOLD í Bandaríkjunum.<sup>2</sup> Umboðsmaðurinn sagðist telja að þar sem eldri skráningar væru fyrir hendi á stærri markaðssvæðum þar sem þess væri einnig krafist að merki hefðu til að bera sérkenni, væri sérstök þörf á nákvæmum rökstuðningi fyrir þeirri íþyngjandi ákvörðun sem höfnun á skráningu væri. Bent var á að ELS hefði upplýst að merkið skorti sérkenni og teldist lýsandi gagnstætt því sem hefði verið talið í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem merki áfrýjanda hefði fengist skráð. Hann fullyrti að rökstuðningur ELS styddi ekki höfnun á skráningu þar sem fram hefði komið að stofnunin teldi merkið ekki sérstaklega lýsandi fyrir þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. Vísaði hann til skrifa fræðimanna og til dóms dómstóls Evrópubandalaganna (EB-dómstólsins) í sk. POSTKANTOOR-máli.<sup>3</sup> Umboðsmaður áfrýjanda hélt því fram að ELS hefði ekki metið merkingu orðasambandsins RUSSIAN STANDARD í tengslum við þá vöru/þjónustu sem merkinu væri ætlað að auðkenna enda hefði komið fram í rökstuðningi hennar að stofnunin teldi merkið „almennt lýsandi”. Þá taldi hann upp þá vöru/þjónustu sem merki áfrýjanda væri ætlað að auðkenna og kvaðst ekki sjá hvernig orðasambandið tengdist þeim. Því næst vísaði umboðsmaður áfrýjanda til norskra fordæma og fullyrti að ákveðinn orðaleikur fælist í hinu umdeilda orðasambandi RUSSIAN STANDARD. Þá sagði orðrétt:

Það er ekki auðvelt að finna dæmi um vörur/þjónustu sem orðasambandið RUSSIAN STANDARD lýsir beint í skilningi vörumerkjatalaga. Orðasambandið er í besta falli tvírætt. Að sjálfsögðu er ekki farið fram á einkarétt á orðinu RUSSIAN, sbr. nánar 15. gr. vml. Í vörumerkjaskrá er fjöldi vörumerkja sem fela í sér orðið RUSSIAN og eru fjögur þeirra orðmerki.

Það er hins vegar ekkert til sem hægt er að skilgreina sem RUSSIAN STANDARD. Vissulega eru einhverjir þættir í menningu Rússlands réttilega nefndir „traditional” en þá eru það vel skilgreindir þættir í menningarsögu Rússa sem verið er að fjalla um. Orðið STANDARD er ekki notað um slík menningarverðmæti.

Þá gat umboðsmaður áfrýjanda þess að orðasambandið RUSSIAN STANDARD væri ekki almennt notað í daglegu máli frekar heldur en BEST WESTERN eða THE ENDLESS VACATION, sbr. dæmi úr norskri framkvæmd. Jafnframt vísaði hann til þess að auðvelt væri að muna orðasambandið RUSSIAN STANDARD auk þess sem hann teldi það ekki geta talist lýsandi fyrir þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. Þá nefndi umboðsmaðurinn fleiri dæmi úr norskri framkvæmd og vísaði til erlendra fræðirita til stuðnings því að merkið væri hvorki lýsandi fyrir þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna sbr. grein 7(1)(c) reglna OHIM né skorti það aðgreiningarhæfi sbr. grein 7(1)(b) sömu reglna. Síðari hluti bréfs

<sup>2</sup> Skrán. nr. 3345092 og 4109155.

<sup>3</sup> C-363/99.

umboðsmanns áfrýjanda til ELS laut að reglum stjórnisýsluréttar en hann taldi ELS ekki hafa veitt fullnægjandi rökstuðning fyrir ákvörðun sinni auk þess sem hann fullyrti að ELS beitti strangari reglum við mat á sérkenni í þessu máli en eldri framkvæmd gæfi tilefni til og jafnvel strangara mati en önnur EES-lönd beittu.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 5. september 2012, kom fram að það væri enn mat hennar að hið umdeilda merki skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Þar var vísað í athugasemdir með því frumvarpi sem varð að vörumerkjalögum þar sem fram kæmi að hafa bæri merkingu á íslensku máli í huga en erlend orð kæmu einnig til greina ef þau hefðu ákveðna merkingu hjá almenningi t.d. orðin „extra” og „super”. Þá sagði orðrétt:

Vörumerki umbjóðanda yðar er samansett af orðunum RUSSIAN og STANDARD. Orðið STANDARD er mjög almennt og lýsandi enskt orð. Íslenskur almenningur er vel að sér í ensku. Orðið STANDARD er að mati Einkaleyfastofunnar sambærilegt orðunum „extra” og „super” að því leyti að það er lýsandi og án sérkenna.

Hvað varðar tilvísanir umboðsmanns áfrýjanda til annarra skráninga vísaði ELS til þess að vörumerkjarétturinn væri landsbundinn þannig að skráningaryfirvöld hvers ríkis tækju sjálfstæðar ákvarðanir um skráningu merkja í samræmi við lög og reglur þess ríkis og aðstæðum að öðru leyti. ELS ítrekaði því næst að stofnunin teldi orðasamband áfrýjanda ekki eingöngu lýsandi fyrir eiginleika þeirrar vöru og þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna heldur teldi stofnunin það almennt lýsandi fyrir allar vörur og þjónustu. Ítrekað var að sú vara/þjónusta sem tilgreind hefði verið í umsókn áfrýjanda, nr. 492/2010, fælist í orðalaginu „hvaða vörum og þjónustu sem er”. ELS vísaði að nýju til athugasemda við 13. gr. vml. þar sem fram hefði komið að upptalning 1. mgr. 13. gr. væri ekki tæmandi og því gæti vörumerki verið óskráningarhæft skv. 13. gr. vml. gæfi það til kynna eiginleika og gæði vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. ELS tók undir með umboðsmanni um að mat á sérkenni og aðgreiningarhæfi yrði að fara fram í samhengi við þá vöru/þjónustu sem merki væri ætlað að auðkenna. Vísaði ELS í þessu sambandi til 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl. þar sem kveðið væri á um að í umsókn um skráningu vörumerkis bæri að tilgreina þær vörur eða þjónustu sem óskað væri skráningar fyrir, ásamt vöru- eða þjónustuflokki, sbr. ákvæði Nice-sáttmálans frá 1957 um alþjóðlega flokkaskrá vörumerkja. ELS kvaðst leggja mikla áherslu á samhengi milli vörumerkis og vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. Þá sagði orðrétt:

Einkaleyfastofan ítrekar þá skoðun sína að það sé mat hennar að vörumerki umbjóðanda yðar, RUSSIAN STANDARD, sé lýsandi fyrir eiginleika og gæði þeirra vara og þeirrar þjónustu sem sótt er um skráningu fyrir og skorti þar með sérkenni og aðgreiningarhæfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Einkaleyfastofan vísar einnig þeirri skoðun yðar, að orðalag hennar í bréfi dags. 31. október 2011 „almennt lýsandi” gefi til kynna að hún hafi ekki metið orðasambandið RUSSIAN STANDARD í samhengi við vörulista umsóknar nr. 492/2010, á bug.

Þá benti ELS á að skv. 2. mgr. 13. gr. vml. bæri að líta til allra aðstæðna þegar skráningarhæfi vörumerkis væri metið en í því fælist að það væri heildarmynd þess sem réði því hvort merki uppfyllti skilyrði 1. mgr. 13. gr. vml. Hvað varðar tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til norrænna vörumerkjamála ítrekaði ELS að nýju að vörumerkjarétturinn væri landsbundinn en óljóst væri hvaða forsendur lágu til grundvallar þeim skráningum sem hann hefði vísað til. Að lokum vísaði ELS til 22. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, og ítrekaði í kjölfarið að ákvörðun hennar um að synja um skráningu á hinu umdeilda merki byggðist á 13. gr. vml. Eftir ítarlega rannsókn hefði stofnunin metið það svo að umsókn áfrýjanda fullnægði ekki skilyrðum 1. mgr. 13. gr. vml. þar sem vörumerkið hefði þótt almennt lýsandi fyrir eiginleika og gæði allrar vöru og allrar þjónustu, þ.m.t. þeirrar vöru/þjónustu sem áfrýjandi tilgreindi í umsókn sinni. Auk þess hefði merkið þótt skorta sérkenni og aðgreiningarhæfi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml. Ekki var fallist á skráningu merkis áfrýjanda RUSSIAN STANDARD, sbr. umsókn nr. 492/2010, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml.

## II.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 16. október 2012. Í bréfi til nefndarinnar, dags. 25. júní 2013, vísaði hann í röksemdir sínar í greinargerðum til ELS.

Í bréfi ELS til áfrýjunarnefndar, dags. 20. ágúst 2013, ítrekaði stofnunin þá afstöðu sína að orðasambandið RUSSIAN STANDARD væri almennt og sérkennalaust fyrir þá vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Enn fremur að merkið væri lýsandi fyrir eiginleika tilgreindrar vöru og þjónustu. Bent var á að það væri talið andstætt tilgangi vörumerkjalaga að aðilar geti með skráningu vörumerkis helgað sér orðatiltæki sem væru almenns eðlis.

*Niðurstaða:*


### III.

Í málinu er deilt um það hvort orðmerkið RUSSIAN STANDARD fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 25, 30, 32, 33, 35, 36 og 42 hafi til að bera nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi til að vera til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og uppfylli þannig skilyrði 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.) um skráningarhæfi merkja.

Merki sem eingöngu teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml. Sama gildir um merki sem byggja á algengum táknum eða orðasamböndum sem notuð eru í viðskiptum eða daglegu lífi. Smávægilegar breytingar eða viðbætur á þannig merkjum breyta engu um sérkenni þeirra. Skilyrðið um að merki skuli hafa sérkenni er rökstutt með því að annars vegar séu lýsandi merki ekki til þess fallin að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og hins vegar að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem allir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota. Við mat á því hvort merki uppfylli skilyrði um sérkenni þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig og meta aðstæður allar, eins og fyrir hvaða vörur merki óskast skráð, fyrri notkun o.fl. Ekki er því sjálfkrafa hægt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Orðmerki á erlendu tungumáli getur einnig skort sérkenni á Íslandi ef um er að ræða tungumál sem gera má ráð fyrir að þorri almennings þekki til, eins og t.d. gildir um enska tungu.

Vörumerkið RUSSIAN STANDARD er myndað úr ensku orðunum RUSSIAN og STANDARD, sem þýða má sem *rússneskur staðall*. Ekki kemur fram í gögnum málsins að einhver sérstakur rússneskur staðall sé til fyrir þær vörur og þjónustu sem skráningar er óskað fyrir og samkvæmt upplýsingum sem áfrýjunarnefnd hefur aflað sér virðist hugtakið/orðasambandið ekki vera þekkt sem tilvísun til tiltekinna eiginleika eða gæða. Þótt orðasambandið sem slíkt geti mögulega talist almenns eðlis að einhverju leyti verður ekki talið að það sé lýsandi í skilningi 13. gr. vml. fyrir þær vörur og þjónustu sem óskað er skráningar fyrir. Þá er ekki hægt að álykta sem svo að orðið STANDARD, sem hluti af orðmerki, sé dæmi um merki sem byggir á algengum táknum eða orðasamböndum sem notuð eru í viðskiptum eða daglegu lífi og því ekki skráningarhæft skv. 13. gr. vml. Því verður ekki séð að vörumerkið komi í veg fyrir að aðrir geti auglýst vöru sína eða þjónustu.

Áfrýjunarnefnd taldi ástæðu til að kanna betur þann þátt merkisins sem felst í orðinu RUSSIAN eða rússneskur. Að mati nefndarinnar getur þetta orð verið til þess fallið að villa um fyrir mönnum um uppruna vöru, í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. ef ekki er sannanlega um að ræða vöru eða þjónustu sem á uppruna að rekja til Rússlands. Nefndin óskaði því eftir nánari upplýsingum frá umboðsmanni áfrýjanda um tengsl þeirra tveggja fyrirtækja sem eru skráð fyrir áfrýjuninni, en þar sem áfrýjandi virtist skiptast í tvö fyrirtæki, annað með aðsetur í Sviss en hitt í Rússlandi, lék að mati nefndarinnar vafi á um hvort þær vörur og þjónusta sem fyrirtækin veita ættu uppruna sinn og væru framleiddar í Rússlandi. Samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni áfrýjanda eru félögin tvö (RSIPH og Roust) tengd í gegnum einn hluthafa, þ.e. Company 1 sem á hlut í RSIPH AG og einnig hlut í Company 2 sem á hlut í Roust Inc., sbr. meðfylgjandi skýringarmynd:



Umboðsmaður áfrýjanda staðfesti einnig með tölvubréfi, dags. 26. september 2013, að vörurnar sem um ræddi ættu uppruna sinn í Rússlandi og væru framleiddar þar.

Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum, gögnum málsins og þeim merkjum áfrýjanda sem þegar hafa fengist skráð hjá Einkaleyfastofunni, RUSSIAN STANDARD IMPERIA (stílfært orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. MP-805460, og RUSSIAN STANDART (stílfært orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. MP-856800, verður ekki séð að ástæða sé til að hafna skráningu hins umdeilda merkis á grundvelli 13. gr. vml. Fleiri dæmi úr vörumerkjaskrá styðja þessa niðurstöðu, svo sem RUSSIAN CHALLENGE (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. MP-1001876. Þá verður ekki séð af fyrrnefndum upplýsingum og gögnum að unnt sé að hafna skráningu merkisins með hliðsjón af því að það teljist til þess fallið að villa um fyrir mönnum, um uppruna vöru, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigrún Brynja Einarsdóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.



*Úrskurðarorð:*

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 5. september 2012, um að hafna skráningu á vörumerkinu RUSSIAN STANDARD (orðmerki), fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 25, 30, 32, 33, 35, 36 og 42, er hnekk.

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Rétt endurrit staðfestir